

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

10. gr.

Gatnagerðargjald byggir á lögum um gatnagerðargjöld nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjöld nr. 543/1996.

Stofngjald vatnsveitu byggir á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

Holræsagjald byggir á ákvæðum X. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Byggingarleyfisgjald byggir á V. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sbr. 26. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.

Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. febrúar 2003, og falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni.

Hafi hluti gatnagerðargjalds af íbúðarlóð á Egilsstöðum verið greiddur fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skal miða útreikning heildargatnagerðargjalds af viðkomandi lóð, svo og gjalddaga, við ákvæði auglýsingar um gatnagerðargjöld á Egilsstöðum, sem samþykkt var af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar 19. júní 1997.

Samþykkt af bæjarstjórn Austur-Héraðs 13. janúar 2003.

Austur-Héraði, 13. janúar 2003.

Pórhallur Pálsson, forstöðumaður umhverfissviðs.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 36, 15. janúar 2003, um veiðar á samningsvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2003.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Á árinu 2003 er íslenskum skipum sem fá veiðileyfi á deilivæði 3L, sbr. 16. gr., heimilt að veiða 144 lestir af rækju á því hafsvæði. Fiskistofa skal úthluta aflamarki vegna ársins 2003 milli skipa í samræmi við aflahlutdeild þeirra í rækju á Flæmingjagrunni.

Þegar rækja veidd á deilivæði 3L er reiknuð til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,97.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 29. janúar 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórir Skarphéðinsson.